



25. stjórnarfundur LH
16. febrúar 2022 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson, Einar Gíslason, Gréta V. Guðmundsdóttir og Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn, Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Forföll boðuðu: Hákon Hákonarson úr aðalstjórn og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 24. fundar

2. Þróun í járningum og úreltar reglur – erindi frá Járningamannafélaginu

Það er hröð þróun í járningum og þá skeifum, botnum og fylliefnum. Mest af þessu sem er að líta dagsins ljós er hugsað með heilsu hesta í huga og til að auka þeirra vellíðan og þægindi. Stjórn járningamannafélagsins óskar eftir því að opna umræðuna um járningar íslenskra hrossa, hvort sem það eru keppnishross eða kynbótahross. Ekki gilda sömu reglur um járningar í íþróttakeppni og gæðingakeppni. Járningar fyrir kynbótadóm eru svo með sín sérkenni. Það er ljóst að ekki er hægt að steypa allt í sama mót en járningar ættu alltaf að vera á forsendum hestsins. Því ætti hestur sem er járnaður með heilbrigði hestsins að leiðarljósi, að geta gengið í hvaða verkefni sem er. Fyrst og fremst finnst okkur vera komin tími til að endurskoða reglur, opna umræðuna og kanna hvort nýngar á markaði séu eitthvað sem við ætum að leyfa.

Afgreiðsla: Vísað til keppnisnefndar sem mun boða Járningamannafélagið á fund.

3. Innköllun á svæði Hestamannafélagsins Glæsis – erindi frá Hmf. Glæsi

Forsagan er í stuttu máli að Fjallabyggð innkallaði svæði sem Glæsir hafði samkvæmt samningi til að byggja golfvöll. Á svæðinu var útivistarsvæði félagsins, keppnisvelli og gott beitarsvæði með góðri aðkomu. Eftir innköllun var gerður annar samningur 2013 þar sem koma áttu bætur í stað innköllunar. Í 10. gr. þess samnings er kveðið á um bætur vegna tafa sem bærinn hefur bæði viðurkennt og hafnað eins undarlegt og það hljómar. Eftir fund í janúar voru sendar inn athugasemdir og jafnframt boðað að Glæsir ætlaði að gera tillögu að sátt hvað varðaði bætur vegna tafa skv. umræddri 10. grein samnings frá 2013. Þær tillögur hafa verið í mótun en ekki skilað inn. Félagið óskar eftir liðsinni LH til að ljúka málinu til að ná viðunandi samningum við sveitarfélagið.

Afgreiðsla: Stjórn LH lýsir sig reiðubúna til að aðstoða félagið og mun boða stjórn félagsins á fund.

4. Nefndafundir 13.-15. jan sl.

Stjórn fundaði með fastanefndum LH dagana 13. til 15. janúar sl. Ekki náðist að funda með mannvirkjanefnd. Farið var yfir stöðu verkefna hjá nefndum og rætt um hvernig stórn og starfsfólk getur stutt betur við nefndastarfið. Nokkur verkefni voru sett í forgang og eru þegar komin til framkvæmda og öðrum þarf að koma í framkvæmd á næstu vikum.



5. Mannabreytingar í nefndum LH

Oddrún Ýr Sigurðardóttir hefur sagt sig úr menntanefnd og Eggert Hjartarson hefur sagt sig úr ferða-og öryggisnefnd. Arnar Bjarki Sigurðsson vikur sæti í landsliðsnefnd þar sem hann hefur verið valinn í landsliðshóp LH.

5. Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ 2022

Framlag Afrekssjóðs ÍSÍ til afreksmála LH er kr. 8.500.000 árið 2022.

Afgreiðsla: Til kynningar.

6. Fulltrúabing FEIF 2022

Fulltrúarþing FEIF var haldið 4. febrúar sl. Farið var yfir skýrslu stjórnar, reikningar félagsins lagðir fram, greidd atkvæði um breytingartillögur við lög og reglur FEIF og kosið í stjórn og nefndir.

Eftirfarandi fulltrúar Íslands hlutu kosningu og taka nýir sæti í fastanefndum FEIF:

Olil Amble, Kynbótanefnd

Herdís Reynisdóttir, Menntanefnd

Aníta Aradóttir, Frístundareiðmennskunefnd (Leisure riding Committee)

Sigurbjörn Bárðarson, Sportnefnd

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, Æskulýðsnefnd

6. Önnur mál

a. Starfshópur um blóðtöku úr fylfullum hryssum óskaði eftir fundi með fulltrúum LH. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fundinum yfir afstöðu LH sem endurspeglast í yfirlýsingu sem LH gaf frá sér um málið dags. 26. nóvember 2021.

b. Verklagsreglur ÍSÍ um viðbrögð við ofbeldi í íþróttahreyfingunni eru væntanlegar í mars.

c. Fyrsti aðalfundur sameinaðara hestamannafélaga í uppsveitum Árnessýslu verður haldinn 3. mars nk. Stjórn LH er boðið á fundinn.

Fundi slitið kl. 21.38